

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 10.BEKKUR – ENSKA 1023

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Námsáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku má nálgast á Innu. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Læsi til náms: Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér mismunandi lestarlag eftir eðli og inntaki þess sem lesið er hverju sinni. Fjölbreytileg viðfangsefni og úrvinnsla beinast að því að auka og dýpka orðaforða og styrkja tilfinningu fyrir formgerð tungumálsins.

Kennarar:Halla Thorlacius(halla@gardaskoli.is), Sigríður Anna Ásgeirsdóttir(sigriduran@gardaskoli.is), Siguður Stefán Haraldsson (sigurdur@gardaskoli.is)

Vika 34 - 36 (21.08-15.09) Iota 1

21.08 Skipulagsdagur

Viðfangsefni The Media	Námsefni -Spotlight 10 – unit 1 lesb.bls. 6-19, vb. bls. 6-10 og 14 -quizlet -Disconnect +verkefni -málfræði: óbein ræða (ljósrit)	Leiðsagnarmat og annað námsmat: Ígrundun,hópverkefni(ritun)
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur unnið sjálfstætt og með öðrum, myndað sér skoðun á viðfangsefninu, greint aðalatriði frá aukaatriðum, dregið ályktanir og sett þær fram á skilmerkilegan hátt.		

Vika 37 – 41 (18.09-13.10) Iota 2

02.-06.10 Forvarnavika Garðabæjar

Viðfangsefni Ireland	Námsefni -Spotlight 10 - unit 2 lesb. bls. 30-38, vb. bls. 26-29 og 38 -quizlet -World Wide English (Ireland) -The History of Ireland: https://www.youtube.com/watch?v=Wlo3vHmWjI8&t=50s -Smásaga: The Sniper+verkefni + könnun	Leiðsagnarmat og annað námsmat Munnleg kynning kennara/jafningjamat könnun: The Sniper könnun úr unit 1 og 2 (í 41.viku)
---	--	--



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 10.BEKKUR – ENSKA 1023

	-Ireland – þemaverkefni -Þolmynd (ljósrit)	
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur unnið með lesinn orðaforða í nýju samhengi, leitað upplýsinga, umorðað það sem lesið er og farið rétt með heimildir. Nem. getur flutt kynningu um undirbúið efni á skapandi og skýran hátt og metið vinnu samnemenda sinna í samræmi við fyrirmæli. Nem. hefur náð tökum á þolmynd og óbeinni ræðu.		

Vika 42 - 44 (16.10-17.11) lota 3

27.10 Skipulagsdagur

01-03.11 Gagn og gaman

08.11 Baráttudagur gegn einelti

Viðfangsefni: Literature and formal writing	Námsefni -smásögur+verkefni -orðmyndun/forskeyti-viðskeyti (ljósrit) -High School Grammar: Mini-unit#1, fragments, run-ons and comma splices -Editing Passages -myndbrot (Lalaland (paragraph writing)) -uppbygging formlegra ritgerða	Leiðsagnarmat og annað námsmat Könnun úr High School Grammar Könnun úr smásögum/orðmyndum
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur notað forskeyti/viðskeyti rétt, kann skil á algengum greinamerkjum og tengiorðum og getur skrifað stutta formlega ritgerð í samræmi við rithefðir.		

Vika 45 - 48 (20.11-08.12) lota 4

16.11 Dagur íslenskrar tungu

29.11 Skipulagsdagur

Viðfangsefni A Sense of Fear	Námsefni: -Spotlight 10 – unit 3 lesb. bls.49-54 vb. bls.42-43, 45-47 og 50 -quizlet -Málfræði/uppfrjun:forsetningar, þolmynd -óbein ræða og skilyrðissetningar (ljósrit frá kennara)	Leiðsagnarmat og annað námsmat Málfræðikönnun A horror story (ferliritun)
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur notað ímyndunraaflið og skrifað skýran og skilmerkilegan texta. Nem. getur sýnt fram á góð tök á grunnformum tungumálsins.		

Vika 49 - 51 (27.11-22.12) lota 5

19.12 Jólábókaflóð

20. 12 Jólaskemmtun

21.12 Jólaleyfi hefst

Viðfangsefni Minory Report	Námsefni: Kvikmynd	Leiðsagnarmat og annað námsmat Skrifa kvikmynddagagnrýni
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur tjáð skoðanir sínar á viðfangsefni og sett þær fram á skipulegan og skýran máta í samræmi við dæmi um uppbyggingu.		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 10.BEKKUR – ENSKA 1023

Vika 52 - 21.12-03.01 Jólaleyfi

Vika 1-4 (01.01 – 26.01) lota 5

01.-02.01 Jólaleyfi

10.01 Skipulagsdagur

23.01 Samráðsdagur heimilis og skóla

Viðfangsefni American history	Námsefni: glærukynning frá kennara efni af netinu	Leiðsagnarmat og annað námsmat Munnleg kynning(leiðsagnar-og jafningjamat)
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur unnið sjálfstætt og með öðrum. Nem. getur aflað sér upplýsinga um ákveðið viðfangsefni, greint aðalatriði frá aukaatriðum, umorðað í eigin texta og nýtt sér heimildir rétt. Nem. getur flutt undirbúið erindi á skapandi, fjölbreytilegan og skýran hátt. Nem. getur metið verkefni samnemenda sinna af sanngirni og yfirvegun.		

Vika 5 -7 (29.01-16.02) lota 6

02.02 Dagur stærðfræðinnar

Viðfangsefni Voices of English	Námsefni -Spotlight 10 –unit 4 bls. 64-75 og -quizlet -Vinnub. bls.60-66 -Efni af Netinu (The history of English)	Leiðsagnarmat og annað námsmat Könnun úr köflum 3 og 4
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. gerir sér nokkra grein fyrir þróun enskrar tungu, getur unnið með lesinn orðaforða í nýju samhengi og beitt viðeigandi ormyndun.		

Vika 8 - 19.02-23.02 Vetrarfrí

Vika 8 -12 (19.02-23.03) lota 7

07.03-09.03 Samræmd próf 9b/ Skíðaferð 9.-10.bekkjjar

Viðfangsefni Fame Þemaverkefni	Námsefni: -Spotlight - unit 5 bls. 80-86 -quizlet -Vinnub. bls. 78-81 og 87-88 -Efni af netinu	Leiðsagnarmat og annað námsmat Kynning á þemaverkefni
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur tekið frumkvæði í námi og verið sjálfstæður í vinnubrögðum. Nem. getur leitað upplýsinga á Netinu, umorðað og nýtt sér heimild rétt. Nem. getur flutt undirbúna kynningu á áheyrilegan hátt og beitt tungumálinu rétt.		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 10.BEKKUR – ENSKA 1023

Vika 13 - 26.03-02.04 Páskaleyfi

Vika 14 – 15 (03.04-13.04)

02.04 Annar í páskum

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Kjörbók	Val á kjörbók og lestur hefst	Mat á uppbyggingu og röksemdafærslu
Debates	-Efni af netinu	
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: nem. getur aflað sér upplýsinga um (umdeild) viðfangsefni, myndað sér skoðun og fært rök fyrir máli sínu. Nem. getur gert grein fyrir skoðunum sínum á sannfærandi hátt með tilliti til reglna um uppbyggingu formlegra ritgerða. Nem. getur lesið sér til gagns og ánægju og unnið úr á skapandi hátt.		

Vika 16 – 17 - 16.04-27.04

19.04 Sumardagurinn fyrsti
23.-27.04 Listadagar

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Kvikmynd og kvikmyndagagnrýni	The Shawshank Redemption	Kvikmyndagagnrýni
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Nem. getur fylgst með aðgengilegu efni í myndmiðlum sér til gagns og ánægju, skrifað skilmerkilega um í samræmi við ákveðna textagerð		

Vika 18 -20 - 30.04-18.05

01.05 Verkalýðsdagurinn
10.05 Uppstigningardagur / 11.05 Skipulagsdagur

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Unsolved Mysteries	-Efni af netinu	
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Nem. getur unnið með öðrum og tekið jákvæðan þátt í samskiptum, tekið frumkvæði í námi og verið sjálfstæður í vinnubrögðum. Nem. getur leitað sér upplýsinga, umorðað og notað fjölbreytilegan orðaforða og nýtt mismunandi aðferðir við að miðla þekkingu sinni á skýran og skipulegan hátt. Nem. sýnir ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda.		

Vika 21 - 21.05-25.05 Annar í hvítasunnu og prófadagar

Vika 22- 28.05-01.06

28.05 Prófadagur

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		



Vika 23 - 04.06-08.06

08.06 Skólaslit

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Samantekt á hæfni- og matsviðmiðum:

Viðmið í lykilhæfni og hæfni í námsgreininni: „Við lok skólaárs getur nemandi...“

Hæfniviðmið „Við lok skólaárs getur nemandi...“

-kynnt munnlega ákveðið umræðuefni fyrir hópnum, myndað sér skoðun og fært rök fyrir henni (kappræður/málfundir).

-tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslu, hrynjandi og orðaval.

-flutt stutta kynningu eða frásögn um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

-fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.

-án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl-og myndmiðlum, sagt frá og unnið úr.

-lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölpættum orðaforða.

-aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

-lesið sér til fróðleiks rauntexa t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum.

-lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki.

-skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.

-skrifað ýmsar gerðir af textum,formlegum og óformlegum og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.

-tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

Matsviðmið

A

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

*skilur mjög vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni

*hefur tileinkað sér **mjög fjölbreyttan** orðaforða

*getur **fyrirhafnarlítið** lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.

*er **mjög vel** samræðuhæfur, beitir **eðlilegu** máli, framburði, áherslum og hrynjandi af öryggi.

*notar **markvisst** algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig lipurlega og áheyrilega um málefni sem hann þekkir.

*getur skrifað **skýran og skilmerkilegan** samfelldan texta um efni sem hann þekkir.

*getur **fylgt af öryggi** reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og heimildanotkun.

*getur hagnýtt sér **markvisst** þann orðaforða sem unnið hefur verið með.

*getur **leikið sér** með tungumálið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.



B+

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **mjög vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni.
- *hefur tileinkað sér **góðan** orðaforða.
- *getur **fyrirhafnarlítið** lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
- *er **vel** samræðuhæfur, beitir **eðlilegu** máli, framburði, áherslum og hrynjandi.
- *Notar algeng föst orðasamband úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir.
- *getur skrifað skrifað samfelldan texta af **nokkru öryggi** og fylgt helstu reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og heimildanotkun.

B

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
- *hefur **nægilega góðan** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
- *sé **vel** samræðuhæfur, beiti **eðlilegu** máli, framburði, áherslum og hrynjandi.
- *notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir.
- *skrifað **lipran**, samfelldan texta um efni sem hann þekkir og sýnt fram á **góð** tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, **fylgt** hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.

C+

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
- * hefur **nægilega góðan** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
- *er **sæmilega** samræðuhæfur og beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á **viðunandi** hátt.
- * notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir
- *getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og fylgt **grunnreglum** um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta.
- *getur **hagnýtt** sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með.

C

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **sæmilega vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
- *hefur tileinkað sér **viðunandi** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju með **nokkurri fyrirhöfn** þó, almenna texta af ýmsum toga og um margvísleg málefni.
- *er **sæmilega** samræðuhæfur og beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á **viðunandi** hátt.
- *kann að nota algengustu föstu orðasamböndin úr daglegu máli.



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 10.BEKKUR – ENSKA 1023

--



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR